

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Vestmannaeyjum 31. október 2018  
UST201810-154/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Leyfi til framkvæmda - Krossanesborg**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Akureyrarbæjar, dagsett 16. október, um leyfi til uppsetningar á 5 skiltum innan fólkvangsins Krossanesborga.

Krossanesborgir er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 162/2005. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrar og Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Til stendur að setja upp 5 fræðusluskilti innan Krossanesborga. Um er að ræða söguskilti og skilti sem vísa á sérkenni í náttúrunni á svæðinu. Um er að ræða skilti af sömu gerð og fyrir eru á svæðinu sem eru lítil hallandi skilti sem standa á einum nettum tréstólpa. Staðsetning skilta ræðst af þeim sögulegu minjum og náttúrufyrirbrigðum sem er að finna á svæðinu og merkt eru á kort sem fylgdu umsókninni. Stefnt er að því að framkvæmdir fari fram vor og sumar 2019.

#### **Áhrifamat:**

Að mati Umhverfisstofnunar þjónar framkvæmdin tilgangi hins friðlýsta svæðis auk þess sem áhrif framkvæmdanna eru lítil og svæðið jafnar sig að fullu að þeim loknum. Gestir svæðisins geta orðið fyrir truflun meðan á framkvæmdum stendur en áhrifin eru ásættanleg.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu 5 fræðsluskilta sem lýst er hér að ofan innan Krossanesborga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf og skal framkvæmd fara fram utan varptíma fugla.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

*David Örvar Hansson*

Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur